— Nú bara . . .

Framhald af bls 11

eftir því mun ég aldrei sjá, enda væri það með öllu óeðlilegt.

Eini neminn skóari í Reykjavík frá 1924

— Aðspurður sagðist Stefán aldrei hafa ráðið menn sér til aðstoðar á vinnustofu sína í Borgarnesi. Á fyrstu starfsárunum hafði hann þó skósmíðanema, og urðu þeir alls þrír. Þeirra fyrstur var Þórarinn Magnússon, sem nú hefur stundað iðngreinina í þágu höfuðborgarbúa frá 1924 eða í 52 ár. Sagði Stefán að Þórarni hefði farnast vel í starfi og væri vinsæll skóari í höfuðborg Íslendinga.

— Aðrir nemar Stefáns voru Jón Helgason úr Miðfirði. Stuttu eftir að hann lauk námi fluttist Jón til Akureyrar. Stundaði hann fyrst sjálfstæðan atvinnurekstur, en réð sig síðar sem verkstjóra til skóverksmiðjunnar Heklu. Þriðji lærlingur Stefáns var Sigurður nokkur Guðbrandsson. Sagði Stefán að síðan Sigurður hefði fengið sveinsbréfið hefði hann ekki gert við einn einasta skó, opinberlega að minnsta kosti, og sagðist Stefán ekki getað skýrt hvers vegna Sigurður helgaði sig ekki skósmíðinni.

Held áfram svo lengi sem ég get hjálpað fólki

— Eins og áður segir hefur Stefán nú stundað sína iðn í 62 ár rúm. Nú vinnur hann aðeins hluta úr degi. — En ég geri mér þetta mest til skemmtunar nú til dags. Ég geri þetta líka svona til að hjálpa fólki, og meðan ég hef tíma til þess, þá ætla ég að halda þessu áfram eins lengi og ég get. Það geri ég, sagði Stefán, og snússaði sig rækilega. — ágás

— Söðlasmiðir

Framhald af bls. 10

stætt, sagði Jón Bjarni. — Ætli það sé ekki helst vinnan, frágangurinn og lagið, sagði hann ennfremur.

Jón Bjarni segist hanna hnakkinn sjálfur, og að mál og snið sé mest í hans eigin kolli. Segist hann fá virkið aðsent og tilbúið. Fái hann einnig gjörvað leðrið aðsent, en allt söðlaleður sagði hann vera innflutt. Hann sníður svo leðrið niður og fullgerir hlutinn. Sjálfa hnakkasmíðina segir hann taka sig um 40 klukkustundir.

Mun nostra eitthvað áfram

— Jón Bjarni er fæddur að Ferjubakka í Borgarhreppi árið 1903, og segist hann ekki annars staðar hafa átt heima, utan Borgarness. Kvæntur er hann Ingibjörgu Guðmundsdóttur, sem einnig er Borgfirðingur. Er Ingibjörg fædd að Gufuá í Borgarhreppi, en fluttist snemma að Ferjubakka. Í þá tíð voru þar margir bæir.

— Jón Bjarni hefur í sínum sjálfstæða atvinnurekstri mest verið einsamall, en hafði þó sér til aðstoðar bróðurson sinn. Sá tók þó aldrei próf í iðninni né sótti iðnskóla, þótt handbragð hefði hann haft ágætt, að sögn Jóns Bjarna — Ætli ég muni ekki svo bara halda áfram að nostra við þetta svona einsamall. Ég dunda við þetta alla vega meðan heilsa leyfir, og einnig meðan einhver vill kaupa hnakka af mér.

— Allar minningar mínar í sambandi við söðlasmíðina eru góðar minningar. Í mínum eyrum hafa viðskiptavinarnir alltaf verið ánægðir. Sést það bezt á því að bæði innanlands og utan er enn spurt sérstaklega um Borgarneshnakka, sagði Jón Bjarni Guðmundsson að lokum.

— ágás.

— Húsvíkingar

Framhald af bls. 30

samgöngumálaráðherra, sem æðsta yfirmann fjarskipta á Íslandi að beita sér án frekari tafar fyrir eftirfarandi úrbótum á útsendingum hljóðvarps og sjónvarps á Húsavík: —

1. Komið verði á næstu mánuðum upp F.M. sendi á Húsavíkurfjalli fyrir hljóðvarp, sem þar er nú þegar fyrir hendi raforka, hús, og mastur fyrir fjarskipti.
2. Örbylgjukerfi fyrir sjónvarp verði framlengt að sjónvarpssendi á Húsavíkurfjalli.

Bæjarstjórn felur þingmönnum kjördæmisins að fylgja þessari áskorun eftir af fullum þunga."

— Grjótaþorp

Framhald af bls. 25

um nýtingarhlutfall í Grjótaþorpi verði dregin til baka.

2. Engar ákvarðanir verði teknar um Grjótaþorp fyrr en fyrir liggir úttekt á byggingarsögulegu gildi húsanna og ástandi þeirra. Þess er reyndar ekki langt að bíða.
3. Að haldin verði samkeppni um framtíð Grjótaþorps, sem byggi á niðurstöðum umræddrar könnunar.
4. Að borgaryfirvöld móti sér ákveðna stefnu í meðferð eldri hverfa í Reykjavík, svo ekki verði áfram eins og er, að hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri gerir og öfugt.

En í alvöru. Þó þið séuð á móti varðveislu gamalla húsa. Eiga svona vinnubrögð að fá að viðgangast?

— Listasprang

Framhald af bls. 23

líklega eru það flestir sem hafa þá venju."

„Rímar þú þín ljóð?"

„Ljóðin í ljóðabókinni eru órímuð. Ég hef gert gamanvísur og ferskeytlur mér til skemmtunar, en mér finnst það allt of þvingandi að eltast við stuðla og rím. Þá kemur eitt og annað aðeins rímsins vegna. Ég hef einnig gert tilraunir með smásögur eða prósaljóð."

„Önnur áhugamál fyrir utan námið?"

„Tónlistin. Ég er að læra á klassískan gítar og um nokkurt skeið höfum við sungið og spilað saman hópur fólks. Nú erum við 7 talsins og nefnum okkur Sextettinn. Við æfunm 3—4 sinnum í viku og erum með margs konar tónlist, raddaða og unna upp. Einhvern tíma var þessi tónlist kölluð folkjass, það er dálítið af Suður-Ameríku takti í þessu."

„Hvað er svo framundan á listsviðinu?"

„Það er nú það eins og sagt er. Ég hef áhuga á að sinna þessum hugðarefnum mínum, tónlist og skriftum, en maður veit ekki hvernig tíminn gefur sig til eftir stúdentspróf í vor. Ég býst ekki við að fara út í ákveðið framhaldsnám næsta vetur, vegna þess að ég er ekki viss í minni sök varðandi viðfangsefnið. Það er eitt og annað sem togar í, mig langar náttúrulega utan, en þó veit ég ekki til hvers. Þetta er þannig nokkuð laust í rásinni í bili, það eru margir möguleikar, en ég mun leitast við að gefa hugðarefnum mínum tíma."

Móðir okkar

ÓLAFÍA ÓLAFSDÓTTIR
Vatnsnesvegi 20 Keflavík

verður jarðsungin frá Keflavíkur kirkju laugardaginn 11. des kl. 11

Börnin

Jarðarför eiginmanns míns og föður,
SIGURBJÖRNS L. GUÐNASONAR,
bifreiðastjóra,
Faxabraut 9,
Keflavík,
fer fram frá Keflavíkurkirkju laugardaginn 11. desember kl. 1.30.

Svava Árnadóttir
Guðni Sigurbjörnsson

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,
ÞORLEIFUR SIGURÐSSON,
Einholti 9,
verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni laugardaginn 11. des. kl. 10:30 f.h.

Sigríður Benjamínsdóttir,
Hjördís Þorleifsdóttir,
Þráinn Þorleifsson, Hrefna Pétursdóttir,
Trausti Þorleifsson, Friður Guðmundsdóttir,
barnabörn og barnabarnabarn.

Útför
ÞORBJARGAR SIGMUNDSDÓTTUR,
Stigahlíð 95,
verður gerð frá Fossvogskirkju laugardaginn 11. desember kl. 10.30

Guðrún Freysteinsdóttir, Garðar Jónsson
Sigmundur Freysteinsson, Sigríður Jónsdóttir.

Útför
JÓNS VIGFÚSSONAR
múrarameistara,
frá Seyðisfirði.
fer fram frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði, laugardaginn 11. desember kl. 11 f.h. Blóm vinsamlega afþökkuð.

Valgerður Jónsdóttir, Guðmundur Hjartarson,
Lilja Jónsdóttir, Ólafur Stefánsson,
Lára Jónsdóttir, Valur Hinriksson,
Hörður Jónsson, Rós Nielsdóttir
Kristján Jónsson Guðbjörg Óskarsdóttir,
Guðjón Jónsson, Elísabet Þórðardóttir,
og barnabörn.

...nilegar þ...kkir fyrir auðsýnda vináttu og samúð við andlát og útför
JÓNS Þ. STEFÁNSSONAR,
Grænumýri, Skagafirði.

Gunnhildur Björnsdóttir,
Björn Jónsson, Sjöfn Jónsdóttir,
Stefán Jónsson, Inga Ingólfsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.